


Grímsnes-og Grafningshreppur
Margrét Sigurðardóttir
Borg
801 Selfoss

UST

Umhverfisstofnun



21. nóvember 2003

Tilvísun: UST20031000141/6á

Deiliskipulag Ásborga í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 20 október sl., þar sem óskað er eftir samráði við Umhverfisstofnun vegna deiliskipulags Ásborga í landi Ásgarðs í Grímsnes og Grafningshreppi.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir 36 einbýlishúsalóðum á um 18 ha svæði og að umhverfis lóðirnar verði útvistarsvæði.

Meðal þeirra athugasemda sem Skipulagsstofnun gerir við tillöguna er að leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem fyrirhuguð staðsetning íbúðabyggðarinnar vegna staðsetningar byggingarreita innan við 200 metra frá Soginu. Sogið er á náttúrumuinjaskrá (nr. 747) en þar segir um svæðið:

*Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnессýslu. (1)
Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að
Írafossvirkjun (Ýrfossvirkjun), ásamt Álfavatni öllu með eyjum, svo og
mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógar og allt land Alviðrustofnunar ásamt
Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjörið útvistarsvæði.*

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spilt verði svæðum á náttúrumuinjaskrá.

Sogið er ein af fallegrri bergvatnsám landsins og mikilvægt búsvæði fyrir fjölda fuglategunda. Svæðið er eitt af helstu vetrarstöðvum húsandar, en Ísland er eini varpstáður þessarar tegundar í Evrópu. Búsvæði hennar hér á landi hafa því mikið alþjóðlegt verndargildi. Aðrir tegundir sem hafa alþjóðlegt verndargildi eru gulönd og álf, sem hafa vetursetu á svæðinu, og haförn sem er þar vetrargestur. Fyrrgreindar tegundir njóta verndar skv. Bernarsamningunum sem Ísland er aðili að. Jafnframt er Sogið á lista Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) yfir mikilvæg fuglasvæði í Evrópu m.a. vegna mikilvægis þess fyrir álf, húsönd, gulönd, toppönd og hvínönd en Sogið er eitt af fáum vetrarstöðum síðastnefndrar tegundar hér á landi.

Auk mikilvægis þess svæðis fyrir fuglategundir eru þar sjaldgæfar plöntutegundir. Við Álfavatn hefur fundist hagabréða sem er á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og í Þrastarskógi má finna eggþívblöðku og ferlaufung, sem eru friðlýstar með auglýsingu nr. 184/1978, og hrúðurfléttu sem einungis hefur fundist á tveimur stöðum á landinu.

Gróðurfar og jarðfræði svæðisins eykur enn á verndargildi þess en landslagið einkennist af eldhraunum, birkiskóum og kjarrgróði. Svæðið er vinsælt til útiveru og hefur þar risið ein stærsta frístundabyggð landsins.

U.S.T.

Auk þess að vera að hluta innan svæðis á náttúruminjaskrá er fyrirhuguð byggð staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. þessari lagagrein skal forðast að raska eins og kostur er. Jafnframt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarлага, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun þessara jarðmyndana og vistkerfa. Umhverfisstofnun bendir að síðustu á að í 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að ekki skuli spilla gróðri með mosa-, lyng eða hrísrifi eða á annan hátt.

Umhverfisstofnun gerir eftirsarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Fjarlægð frá Soginu


Í skipulagstillöggunni eru þeir byggingarreitir sem standa næst Soginu staðsettir í um eitthundrað metra fjarlægð frá bökkum árinnar og er því hluti þeirra einbýlishúsa sem ætlunin er að reisa á svæðinu innan svæðis á náttúruminjaskrá. Stofnunin telur að þessi fjarlægð sé nægileg til að spilla hvorki aðgengi meðfram ánni né útvistargildi svæðisins meðfram bökkum árinnar.

Breyting á gróðurfari og röskun jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar

Sú byggð sem hér er til umræðu er heilsásbyggð og því annars eðlis en núverandi byggð á svæðinu. Það sem einkennir núverandi frístundabyggð á svæðinu er að raski á gróðri og jarðmyndunum hefur verið haldið í lágmarki innan lóðamarka og aðkomuleiðir eru lítt áberandi í landslagi. Í skipulagsskilmálum vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar er ekki fjallað um þessa þætti sérstaklega, og því má álykta að framtíðaríbúum svæðisins verði heimilt að ryðja og sléttá lóðir sínar og breyta þar með ásýnd svæðisins umtalsvert.

Í skipulagsskilmálum kemur fram að lóðirnar megi afmarka með lágvöxnú limgerði eða trjábelti en að óheimilt sé að planta öspum og grenitrjám. Umhverfisstofnun fagnar þessari viðleitni í þá átt að breyta ekki gróðurfari svæðisins með plöntun aspa eða grenitrjáa. Stofnunin telur þó að setja ætti frekari skilyrði í skipulagsskilmála varðandi verndun núverandi gróðurfars innan lóðamarka. Ástæður þess eru þrjár. Í fyrsta lagi er ljóst af umfjöllun hér að ofan um verndargildi gróðurs meðfram Soginu að forðast ætti að raska gróðurfari svæðisins eins og framast er kostur. Slik skilyrði væru einnig í samræmi við 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í öðru lagi er fyrirhuguð byggð staðsett á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber því að forðast rask innan svæðisins eins og kostur er. Í þriðja lagi bendir stofnunin á að hér er um talsverða breytingu á svæði að ræða sem hingað til hefur einkennst af frístundabyggð og útvist. Íbúabyggðin mun rísa í nálægð við sumarhúsahverfi sem mun óneitanlega breyta eðli svæðisins fyrir eigendur þeirra en ein af forsendum þess að Sogið er skráð á náttúruminjaskrá er útvistargildi þess. Með því að halda sem mest í þá náttúrulegu ásýnd sem einkennir núverandi byggð á svæðinu má minnka þessi áhrif til muna.

Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist svara fyrirspurninni.



Ólafur Árnason

Virðingarfyllst,



Helgi Jensson

Afrit: Skipulagsstofnun